



NÝS 2B02 – Nýsköpun og frumkvöðlafræði II

Námsáætlun, haustönn 2021

Kennari/kennarar:

Óttar Ólafsson

Netfang/netföng:

ottar.olafsson@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum er gerð grein fyrir stofnun mismunandi félaga og skipulagi þeirra. Nemendur fá þjálfun í að sinna ólíkum hlutverkum innan þeirra, vinna saman og halda skipulega utan um starfsemi félaga. Fjallað er um mikilvægi tengslaneta, gerð algengra greininga og kannana til að ná góðum árangri og nemendur fá æfingu í að gera einfaldar viðskipta-, verk- og fjárhagsáætlanir. Nemendur læra um ferli nýsköpunar frá hugmynd til veruleika og í lok áfangans eiga nemendur að vera komnir með frumgerð afurðar (e. Prototype) sem þeir vilja þróa, selja eða kynna á síðari þrepum.

Þekking, leikni, hæfni:**Þekking**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Tilgangi, stofnun og uppbyggingu mismunandi félaga.
- Vönduðum undirbúningi og skipulagi við framkvæmd hugmynda.
- Mikilvægi samskipta og góðs tengslanets til að ná árangri.
- Gerð viðskiptaáætlana og fjármögnunar á verkefnum.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Hugsa á skapandi og lausnamiðaðan hátt.
- Koma að stofnun, rekstri og þátttöku í mismunandi félögum.
- Leita samstarfs við sérfræðinga og aðra við þróun og framkvæmd hugmynda.
- Hrinda mismunandi hugmyndum í framkvæmd á samfélagslega ábyrgan hátt.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Setja á fót félag og taka þátt í starfsemi þess með fjárhags-, félags- eða menningarleg markmið að leiðarljósi sem metið er með verkefnum, þátttöku í umræðum og jafningjamati
- Hrinda hugmynd í framkvæmd á samfélagslega ábyrgan hátt sem metið er með verkefnum, þátttöku í umræðum, kynningum og jafningjamati.
- Taka þátt í samvinnu innan og utan félaga til að vinna hugmyndum brautargengi sem hafa jafnrétti, sjálfbærni og öflugt atvinnulíf að markmiði sem metið er með verkefnum og þátttöku í umræðum.

Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi, í því felst að nemendur vinna verkefni sem öll eru metinn til einkunnar.

Mikilvægt: Nemendur þurfa að skila öllum námsmatsþáttum til að ljúka áfanganum.

Lokaeinkunn samanstendur af eftirfarandi námsmatsþáttum:

Nýsköpunarbókin 2 (Verkefni 1-15): 60%

Önnur verkefni (mismunandi vægi): 40%

Áfanginn er tvær feiningar sem felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám verði um klukkustund á viku.



Námsgögn:

Nýsköpunarbókin 2– kennslu- og verkefnabók. Óttar Ólafsson. Útgefandi Mennt er máttur sf. Annað efni frá kennara, m.a. á INNU.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Gerð er krafa um að óútskýrðar fjarvistir fara ekki upp fyrir 10% af heildarmætingu, í samræmi við skólasóknarreglur.

Kennsluáætlunin kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur. Verkefni taka bæði til lesefnis og þess sem fram kemur í fyrirlestrum og verkefnavinnu. Ástundun er mikilvægur þáttur í náminu. Sé nemandi ekki mættur í kennslustund innan 10 mínútna frá því að hún hefst telst hann fjarverandi í tímanum.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
33	18.-20. ágúst	Velkomin ☺ Kynning á áfanganum.	
34	23.-27. ágúst	Hrinrásarhagkerfið.	Verkefni 1.
35	30. ágúst-3. sept.	Deiliahagkerfið.	Verkefni 2 og 3.
36	6.-10. sept.	Vistvæn nýsköpun	Verkefni 4. Nýnemahátíð
37	13.-17. sept.	Vistvæn nýsköpun	Sundurtektarverkefni. 8%
38	20.-24. sept.	Hugmyndaleit	Verkefni 5 og 6 Fyrri skil á bók. 24%
39	27. sept.-1. okt.	Hugmyndaleit	Verkefni 7. Varða I
40	4. okt.- 8. okt.	Hugmyndaleit	Verkefni 8. Heilsudagur
41	11. okt.-15. okt.	„Business Canvas Model“.	Verkefni 9.
42	18. - 21. okt.	„Business Canvas Model“.	Verkefni 10. Hausthlé
43	26. - 29. okt.	„Business Canvas Model“.	Verkefni 11 og 12. Hausthlé Önnur skil á bók. 24%
44	1.-5. nóv.	„Business Canvas Model“.	Verkefni 13. Varða II
45	8.-12. nóv.	„Business Canvas Model“.	Stemmingsspjald. 8%
46	15.-19. nóv.	„Business Canvas Model“.	Verkefni 14 og 15. Endanleg skil á bók. 12%
47	22.-26. nóv.	„Business Canvas Model“.	Fjármálaverkefni. 6%
48	29. nóv - 3. des.	Kynning á tækjum í nútímastofu	Prentari 6%
49	6.-10. des.	Kynning á tækjum í nútímastofu	Laserskeri 6%
50	13.-17. des.	Kynning á tækjum í nútímastofu	Prívíddarprentari 6% Kennslu lýkur Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.